

Stjórnarfundur STÍ nr. 3 2023-02.06.23

Stjórnarfundur STÍ haldin á Teams. Fundur hefst kl. 12:00

Fundarritari: Magnús Ragnarsson

Mættir eru:

Halldór Axelsson, Guðmundur Kr. Gíslason, Magnús Ragnarsson og Sigurður Ingi Jónsson.

Fundardagsskrá:

1. Heimasíða og tölvumál

Búið að fá aðgang í gegnum ÍSí að teams kerfi og sharepoint

Rætt um heimasíðuna, það þarf að gera hana aðgengilegri og fá andlitslyftingu og laga uppsetningu og uppröðun til að það sé auðveldara að finna þetta. Mikilvægt að síðan virki í snjalltækjum.

Rætt um gagnagrunn um árangur Íslenskra skotmanna en þau eru geymd í dag á mismunandi formi og ekki hægt að fletta upp eða leita í þeim rafrænt. Verður farið í að skoða þetta frekar.

2. Skotvopnanámskeið fyrir ríkislögreglustjóra

Tillaga að dagssetningu að fundi 9. Júní kl 14:00 með RLS varðandi þessi mál. Þessi mál rædd og að þetta verði svo kynnt aðildarfélögum komi niðurstaða eða alvarlegt samtal um þessi mál. Guðmundur Kr og Magnús Ragnarsson stefna á fara Sigurður Ingi og Ómar Jónsson til vara.

3. Önnur mál

Rætt um að hafa tékklista handa mótstjóra og yfirdómara sem verði aðgengileg á heimasíðunni. Vel tekið í þetta.

Rætt um Nordisk trap. Tvö félög sem stunda það í dag. Hafnafjörður og Markviss hafa verið virkustu félögin. Nú er fyrirhugað mót í Danmörku og mun STÍ gefa kost á að aðstoða við skráningu á mótið ef iðkendur eru áhugasamir að fara á mótið.

Rætt um Benchrest mál. Verið að fara yfir málefni sem verði tekin fyrir á fundi. Um er að ræða fjögur alþjóðasambönd með mismundandi greinum og þarf að ákveða hvaða sambönd heyra undir STÍ.

Smáþjóðaleikar eru í gangi og flottur árangur hjá okkar fólki og munum stjórn fylgjast með því.

Dómaramál verði tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.

Fundur þann 5. Júní með Vésteini Hafsteinssynni og verður kynnt á næsta stjórnarfundum

Ekki fleira gert á fundum og fundum slitið kl. 13:30